



Trommunámskeið – Lokaverkefni

Haukur Ingólfsson

Trommusettið

Snerill: Snerillinn er miðjan á trommusettinu og er hann notaður í fjölmörgum tegundum tónlistar. Samansettur af trommu og tveimur trommuskinnum, auk gorma og klemmu.

Rosalega næm og fjölhæf tromma. Þegar slegið er ofan á trommuna myndast hreyfing á loftinu inni í trommuni sem færir yfir í neðra skinnið. Þá skoppa gormarnir og myndast „smellur“.

Pákur (toms): Nýjasta viðbótin við trommusettið sem við þekkjum í dag. Oftast eru pákurnar samansettar af einni eða tveimur *tom-tom* trommum og einni *floor tom*. Þær eru oftast notaðar í break og fill en stundum sem partur af trommutakti líka.

Bassatromma: Er stærsta tromman á trommusettinu og situr á gólfinu. Notaður er pedali (kicker) til að fá úr henni hljóð. Gefur frá sér þungan hljóð og setur oft botn í lagið ásamt bassanum. Öðruvísi útgáfa af bassatrommunni oft notuð í lúðrasveitum og fleira.

Hi-hat: Samansafn af tveimur trommudiskum (cymbölum), klemmu og pedal sem stýrt er af fætinum. Klemman er sett utan um efri diskinn og fest á stönginni sem liggur í gegnum hi-hatinn. Hægt að spila á hann á tvo vegu; með því að stíga á pedalinn og láta diskana smella saman, eða slá á diskana. Rosalega fjölbreytt hljóðfæri. Hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina.

Crash: Crash diskarnir eru oftast notaðir til þess að leggja áherslu á ákveðið slag í taktinum. Til eru margar útgáfur af crash diskum, eins og til dæmis splash, china, bell, rock og fleira.

Ride: Ride diskurinn er oftast notaður í trommutakti, en ekki sem áherslutól eins og crash diskurinn. Getur gert næstum allt það sama og hi-hat nema að framkalla bæði „opið“ eða „lokað“ hljóð. Bjallan oft notuð til að breyta hljómi trommutaktsins, sérstaklega í rokktónlist. Hægt að fá ride/crash diska sem virka sem bæði.

Í heildina litið er trommusettið gríðarlega fjölhæft hljóðfæri sem hægt er að fikta með og breyta eins og manni myndi detta í hug. Hægt er að bæta við trommum, diskum, og stilla trommurnar á mismunandi vegu. Mikilvægast er þó að manni líði vel við settið og að það sé ekki að flækjast fyrir manni, heldur að vinna með manni.

Hvernig er best að halda á trommukjuðunum?

Þegar ég hugsa um það hvernig best sé að halda á trommukjuðunum eru nokkrir hlutir sem skipta mig máli. Það sem ég byrja á að gera er að passa það að vera fullkomlega laus og liðugur í höndunum. Svo held ég þeim svo að puttarnir bogni náttúrulega og kem trommukjuðunum fyrir í hendinni. Svo þrengi ég að kjuðanum með puttunum svo að hann sleppi ekki frá mér.

Það sem er einnig mikilvægt er það hvar kjuðinn sjálfur er staðsettur eftir hendinni. Það er mismunandi eftir einstaklingnum og fer eftir stærð handa, lengd fingra og fleira. Það sem maður á þó alltaf að leytast við er „miðpunkturinn“. Miðpunkturinn er það þegar þú heldur hvorki of framarlega né aftarlega í trommukjuðann. Þegar þú heldur á kjuðanum í miðpunktinum skoppar trommukjuðinn af trommuni þegar þú slærð í hana og aftur í höndina. Þá er maður að „nota skoppið“. Ef maður heldur hins vegar of framarlega eða of aftarlega verður skoppið annaðhvort ónáttúrulegt eða kemur ekki yfir höfuð.

Góð leið til þess að finna miðpunktinn hjá sér sjálfum er að halda á trommukjuðanum með þumalfingri og vísifingri og láta kjuðann detta á yfirborð (trommu, æfingaplatta) og finna staðinn þar sem hann skoppar náttúrulega, án þess að þurfa hjálp frá höndinni.

Það sem auðveldaði mér þetta allt þegar ég lærði þetta var að ímynda mér trommukjuðann sem framlengingu á handleggnum.

Trommukjuðarnir sjálfir

Þegar kemur að því að velja sér trommukjuða er gott að hafa ýmislegt í huga. Það mikilvægasta er án efa hvernig tónlist maður ætlar að spila. Til dæmis eru þykkari kjuðar yfirleitt ætlaðir í einhverskonar þungarokk en mjórri og nettari kjuðar oft notaðir í rólegri tónlistarstefnur. Einnig getur val kjuðanna farið eftir stærð handarinnar, trommustíl og hversu fast þú spilar.

Það sem er þó allra mikilvægast er það að finna eitthvað sem er þægilegt að spila með og vinnur með manni. Maður þarf bara að prófa ýmsar týpur og komast að því hvað virkar best fyrir mann sjálfan!

Trommukjuðar sem hafa aldrei brugðist mér eru 5A trommukjuðar. 5A þýðir einfaldlega stærð og gerð. Allir trommukjuðaframleiðendur í heiminum framleiða svona trommukjuða og eru þeir langvinsælastir. Þeir eru meðalþungir og henta í flest tilefni.

Hvernig á að beita hendinni?

Þá að öðru sem er alveg jafn mikilvægt og hvernig maður heldur á kjuðunum. Það skiptir öllu máli hvernig maður beitir höndunum fyrir framan trommusettið og eru auðvitað margar ástæður fyrir því. Ef maður beitir sér vitlaust verður spilamennskan oft stíf og það getur heyrst. Einnig verður maður fyrr þreyttur í höndunum og getur það einnig haft áhrif á það hvernig þú hljómar. Ef maður beitir höndunum rétt á maður að geta spilað klukkutímunum saman! Að lokum er líka mikilvægt að maður hljómi og geti grúvað vel og það getur reynst erfitt ef maður notar hendurnar ekki rétt.

Það eru aðallega tveir hlutir sem hafa þarf í huga varðandi handabeitingu. Í fyrsta lagi er það úlnliðurinn og það seinna eru puttarnir. Það er mikilvægt að nota ekki allan handlegginn þegar maður slær á trommu. Algeng mistök er að byrja slagið á því beygja olnbogann alveg upp og rétta svo úr hendinni þegar slegið er. Önnur mistök eru að lyfta öllum handleggnum frá öxlinni.

Töfrarnir eru allir í úlnliðnum. Þú byrjar með höndina niðri og lyftir úlnliðnum upp. Þaðan skilarðu honum snögglega til baka og slærð á trommuna. Bæði tekur þetta miklu styttri tíma en hinar hreyfingarnar og einnig nær maður að stjórna krafti höggsins betur. Gott trikk til að æfa sig í þessu er að halda utan um framhandlegginn á sér með vinstri (veikari) höndinni og gera þar með handlegginn sjálfan óhreyfanlegan.

Önnur tækni sem gott er að tileinka sér er að nota fingurna til að slá. Þá notar maður ystu þrjá puttana til að „nota skoppið“. Þessi tækni getur verið mjög nytsamleg ef þú þarft að spila hratt, en einnig í djasstónlist, eða bara þar sem notast er við swing.

Líkamsstaða

Eins og í flestu öðru skiptir líkamsstaða miklu máli í trommuleik. Það er kannski ekki eitthvað sem maður þælir of mikið í á sínum ungu árum en það breytir því ekki hversu mikilvægt það er að læra rétta líkamsstöðu strax.

Eins og í öðru er bakið mikilvægt öllum hreyfingum. Trommarar eru einfaldlega frægir fyrir það að vera lélegir í bakinu. Því er mikilvægt að sitja öllum stundum uppréttur og beinn í baki. Það eru til stólar sem hjálpa til við þetta og minna mann jafnan á það. Til eru stólar með baki og líka kúptir stólar, sem þvinga mann nánast til þess að sitja í réttri stellingu. Einnig er gott ráð að sitja ekki of djúpt í stólnum, heldur sitja framarlega, því þá þarf maður nánast að vera beinn í baki til þess að geta spilað.

Annað sem er þess virði að þæla í er hvernig maður stillir fótunum upp á pedalana. Fyrst og fremst þarf maður að passa það að hafa stólinn ekki of hátt upp svo maður þurfi að teygja sig niður. Maður þarf líka að passa að vera ekki of neðarlega og þar af leiðandi of boginn í hnjónum.

Nokkrir gáfulegir hlutir

Trommuplatti: Trommuplattinn er lausn við svo rosalega mörgum vandamálum. Stærsta lausnin er sú að geta æft sig tímunum saman án þess að gera mömmu brjáláða! Einnig er þetta hlutur sem þú getur tekið með þér nánast hvert sem og æft þig. Rosalega góður í að æfa vinstri (veikari) höndina, gera rudiments, æfa nótur og fínpússa eða þróa nýjar tæknir.

Taktmælir: Það allra mikilvægasta fyrir trommara er að geta trommað í takt. Með því að æfa sig með taktmæli nær maður betri tökum á ákveðnum takthröðum, en líka bara betri tilfinningu fyrir takti yfir höfuð. Maður getur æft sig í að spila á hvaða hraða sem er.

Einnig getur maður æft sig á því að spila sitthvorum megin við taktinn, sem er eitthvað sem kemur fyrir í einstaka lögum. (Since I've been loving you).

Eyrnatappar: Ef það er eitthvað sem trommarar eru ennþá frægari fyrir en lélegt bak, þá er það að heyra illa! Einnig er algengt að trommarar heyri verr með vinstra eyranu vegna hi-hatsins eftir margra ára spilun. Eyrnatappar eru möst sem allir ættu að nota alltaf þegar þeir æfa sig.

Hvar get ég æft mig?

Það er klárt mál að það þarf ekki mikið til þess að æfa sig. Með trommukjuða í höndunum getur nánast hvaða yfirborð sem er verið notað til æfinga, jafnvel ekkert yfirborð. Ekki er vera að vera með æfingaplatta sem hægt er að taka með sér hvert sem er. Einnig eru lærin einn allra besti vinur trommuleikara, svo lengi sem maður lemur þau ekki of fast.

Fegurðin í einfaldleikanum

Ég veit nákvæmlega hversu leiðinlega þetta hljómar. Þrátt fyrir það er þetta satt. Það nennir enginn tónlistarmaður (sérstaklega ekki gítarleikarar) að spila með einhverjum sem gerir alltaf allt sem hann kann við öll tilefni. Það er samt staður og stund til þess að fríka aðeins út við settið. Þetta er eitthvað sem ég var lengi að fatta. Um leið og ég fór svo að þæla í þessu og einfalda það sem ég gerði við settið og hugsa meira út í það sem skipti meira máli (halda takti, vera dýnamískur o.fl.) fór ég að fá fleiri tækifæri. Um leið og maður hefur líka búið sér

til ákveðinn svona grunn, er alltaf hægt að bæta ofan á hann og um leið verður allt mun náttúrulegra.

Ég skal sýna ykkur dæmi.

Nóturnar

Hægt væri að eyða restinni af deginum í það að útskýra nótur í trommuleik. Ég ætla þrátt fyrir það einungis að fara aðeins yfir grunninn. Dæmi um notkun þessara nótna verður í kaflanum um rudiments.

The image shows three musical staves, each with a treble clef and a 4/4 time signature. The first staff is labeled 'Quarter Notes' and contains two measures of music, each with four quarter notes. The second staff is labeled 'Eighth Notes' and contains two measures of music, each with eight eighth notes. The third staff is labeled 'Sixteenth Notes' and contains two measures of music, each with sixteen sixteenth notes.

Þessar þrjár tegundir nótna eru þær allra algengustu í trommuleik. Þetta eru fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur og sextándapartsnótur. Nafngiftin kemur frá því að eitt slag í hverri nótu jafngildir akkúrat svo miklum parti af heildartaktinum. Samsagt ein fjórðapartsnóta er $1/4$ af takti, áttundapartsnóta $1/8$ af takti, sextándapartsnóta $1/16$ af takti og svo framvegis.



Þessi skemmtilega nóta kallast tríóla. Til eru fleiri útgáfur og samsetningar af henni en þetta er þessi hefðbundna áttundapartstrióla.

Crash Cymbal Closed Hi-Hat Open Hi-Hat Ride Cymbal Left Rack Tom Right Rack Tom Snare Drum Floor Tom Bass Drum Hi-Hat Pedal

Musical Note Drum Key

Svona er nótunum stillt upp á nótnaskalann þegar spilað er lag eftir nótum. Þó svo að það sé ekki algeng aðferð við það að læra popplög til dæmis, eru sum störf trommarans þannig að þeir setjist niður, fái nótur að lagi, og þurfi að spila það án þess að hafa nokkurn tímann heyrt það. Þetta er til dæmis algengt í leikhúsum. Hér er dæmi um trommutakt stillt upp á nótnaskalann:

NICK'S DRUM LESSONS  "Get Lucky" Daft Punk Drum Transcription by Nick Dahlberg

1 & 2 & 3 & 4 & ah 1 & 2 & 3 e & 4 &

NicksDrumLessons.com

Rudiments

Rudiments eru lítil mynstur slaga á trommur, sem gera grunninn að öllum flóknari trommuleik. Því má segja að allur trommuleikur sé samansafn rudimenta. Þau eru misflókin og eru yfirleitt táknuð með nótum. Ég var það heppinn að vera lengi með trommukennara sem lét mig æfa þetta stanslaust. Hér eru nokkur dæmi:

16: SINGLE PARADIDDLE

R L R R L R L L

Einfalda paradiddle er líklega þekktasta og víðfarnasta rudiment í heiminum. Gott er að eiga hana sem vin. Æfingin hljómar eins og nafnið. Til eru margar útgáfur af henni eins og til dæmis næsta sem er tvöföld.

17: DOUBLE PARADIDDLE



Tvöföld paradiddle.

01: SINGLE STROKE ROLL



Samansett af sextándapartsnótum. Gott dæmi um það hversu einföld rudiments geta verið.

05: TRIPLE STROKE ROLL



Samansett af tríólum. Góð til að æfa hraða fingranna. Einnig hægt að æfa hana á hefðbundinn máta (RLR LRL).

02: SINGLE STROKE FOUR




Þessi er samansett af tríólu og sextándapartsnótu í endann.

03: SINGLE STROKE SEVEN




Þessi er mjög skemmtileg. Samsansett af sexólum, sem er í raun tvöföld tríóla, og fjórðapartsnótu.

20: FLAM



Þetta er svokallað flam. Þá er fyrri nótan spiluð laust (nánast eins og drauganóta) og svo hefðbundin fjórðapartsnóta látin fylgja henni.

21: FLAM ACCENT



Hér er tríólum bætt við flam-ið. Einnig hefur verið sett áherslumerki fyrir ofan fyrstu nótuna.

Vinstri handar æfingar

Það sem hefur þvælst fyrir trommuleikurum frá upphafi er þessi blessaða veika hönd. Til eru margar tæknir við það að þjálfra hana. Ein af þessum tæknum er til dæmis bara að gera allt með vinstri höndinni! Allt eins og að opna hurðir, drekka úr glasi, burstu tennurnar, skrifa í símanum eða bara hvað sem þú gerir yfirleitt með sterkari höndinni. Þetta bæði styrkir veikari höndina og hjálpar henni einnig við það að byggja upp vöðvaminni.

Næst koma inn nokkrir hlutir sem ég talaði um áðan. Það eru æfingaplattinn og taktmælirinn. Það er alveg hægt að æfa sig með venjulegan sneril en það er spurning hversu lengi maður getur haldið geðheilsu við það, og hvað þá mamma! Til eru sérstakar æfingar til þess að þjálfra upp veikari höndina. Í rauninni eru þetta bara rudiments sem fókusa á hana. Mikilvægt er að byrja á hraða sem maður ræður við og vinna sig svo hægt og bítandi upp taktmælinn. Það er mjög mikilvægt að þjálfra vinstri höndina vel, þannig að það verði sem náttúrulegast að spila með henni. Þú getur verið geggjáður trommari, en ef þú ert ekki með báðar hendur í lagi munu hæfileikarnir aldrei ná almennilega að brjótast í gegn! Hér eru nokkrar góðar æfingar fyrir vinstri höndina:

Climbing the mountain: 8-1, 1-8

LLLL LLLL RRRR RRRR

LLLL LLL RRRR RRR

LLLL LL RRRR RR

LLLL L RRRR R

LLLL RRRR

LLL RRR

LL RR

L R

LL RR

LLL RRR

LLLL RRRR

LLLL L RRRR R

LLLL LL RRRR RR

LLLL LLL RRRR RRR
LLLL LLLL RRRR RRRR

Gullgrafarinn:

RLLL RLLL RLLL RLLL LLLR LLLR LLLR LRLL

Nokkur af mínum uppáhalds beatum

Fool in the rain: Þetta beat hefur verið mitt uppáhalds frá því ég heyrði það í fyrsta sinn! Í þessu Led Zeppelin lagi sýnir John Bonham það af hverju hann er að margra mati best trommuleikari allra tíma. Hann notast við shuffle, drauganótur og melódíska bassatrommu í þessu lagi til þess að sýna það að hann hafi verið kóngurinn.

Rock n' Roll: Annað Led Zeppelin lagið á listanum, sem gæti klárlega verið bara listi yfir beat frá Bonham. Það er tvennt við þetta lag sem gerir það einstaklega sérstakt, byrjunin og endirinn. Hann byrjar á þriðja taktslagi, en sleppir samt sem áður fyrstu sextándapartsnótunni. Síðan heldur hann áfram með ótrúlegt samspil opins hi-hat og sneriltrommu, með áherslum á óheðfbundnum stöðum. Þess mynd greinir betur frá þessu:

Rock and Roll

ledzeppelin.alexreisner.com



Þá er komið að endinum. Þar tekur Bonham 8 sekúndna trommusóló sem kemur sennilega bara fyrir öllu því sem þarf í gott trommusóló.

Billie Jean: Með einkennanlegustu byrjunum á lögum sem þekkjast. Eitt besta dæmið um það hvað eitthvað virkilega einfalt getur verið magnað. Annars segir Questlove, trommuleikari The Roots betur frá því en ég.

„Að mínu mati er inngangurinn að Billie Jean langbesta dæmið um eitthvað svo einfalt að við tökum því sem sjálfsögðum hlut. Ef maður kryfur það virkilega, er þetta flókin og töfrandi frammistaða. Hljómurinn er hárnákvæmur.“

50 ways to leave your lover: Lag eftir Paul Simon sem hinn frábæri Steve Gadd trommaði undir. Það sem gerir þetta svona magnað er það að Gadd hefði getað gert eitthvað sáræinfalt, en fór algjörlega í hina áttina og gerði eitthvað sem ekki hafði heyrst áður. Samspil margra þátta gerir þetta að gríðarlega flóknu lagi tæknilega séð. Hér má sjá það skrifað niður:



The Purdie shuffle: Leonard „Pretty“ Purdie getur líklega státað sig af því að vera frægasti trommuleikarinn sem er þekktur fyrir sitt eigið beat. Þetta er mjög svipað *halftime shuffle* og hefur hann líklegast verið undir áhrifum þess. Þetta var byltingarkennt í trommuleik og þá sérstaklega djassi, en sást greinilega líka síðar í rokkinu.

Rosanna: Hið heilaga grál trommuleiksins. Allir trommuleikarar þekkja þetta lag og hafa flestir reynt að spila það, og langflestir án árangurs. Jeff Porcaro sagði sjálfur að þegar hann hafi búið þetta beat til, hafi hann tekið *Purdie shuffle* og *Fool in the rain* beatið og blandað þeim saman, og var þetta útkoman eftir að hann hafði bætt við sýnu „touch-i“.

Caravan: Upprunalega er þetta lag frá 1936, en frægasta útgáfan var trommuð af Buddy Rich, sem er einnig af mörgum talinn sá allra besti. Ég er þó ekki að tala um þá útgáfu. Þessi útgáfa lagsins heyrðist fyrst í kvikmyndinni *Whiplash*, sem kom út árið 2014. Mjög sjöflað, djassað og kraftmikið.

Lokaorð

Þegar á endann er komið er bara ein manneskja sem getur ákveðið hversu góður maður getur orðið, og það er maður sjálfur. Þeim mun meira sem maður æfir sig, þeim mun betri verður maður. Svo einfalt er það! Mikilvægt er bara að finna eitthvað sem virkar fyrir þig og að vera þolinmóður.